



SAMTÖK  
SVEITARFÉLAGA  
Á VESTURLANDI

## 147 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 28. ágúst 2019 kl. 10:00 að Breiðabliki í Eyja- og Miklaholtshreppi.

Mætt voru: Eggert Kjartansson, Bára Daðadóttir, Einar Brandsson, Björgvin Helgason, Árni Hjörleifsson, Guðveig Eyglóardóttir, Lilja B. Ágústsdóttir, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Sif Matthíasdóttir, Jakob B. Jakobsson, Jósef Kjartansson og Björn Hilmarsson.

Auk þess sat Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV fundinn og ritaði fundargerð.

Eggert Kjartansson, formaður SSV, setti fund kl. 10:00

### 1. Fundargerð 146. fundar stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 146. fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

### 2. Haustþing SSV 2019

Lögð fram endurskoðuð drög að dagskrá Haustþings SSV 2019 sem fer fram í Klifi í Ólafsvík 25. september n.k. Stjórn ræddi drögin og fól framkvæmdastjóra að ljúka við gerð dagskrár.

### 3. Almenningsamgöngur

Framkvæmdastjóri kynnti niðurstöður viðræðna Vegagerðarinnar og samgönguráðuneytisins annars vegar og landshlutasamtakanna hins vegar um rekstur almenningsamgangna á milli sveitarfélaga. Niðurstaðan er sú Vegagerðin mun taka yfir rekstur almenningsamgangna frá og með 1. janúar 2020. Stjórn ræddi um rekstur verkefnisins út árið 2019 og hvað taki við á nýju ári. Stjórn SSV bókaði eftirfarandi um málið:

*Stjórn SSV tekur undir afstöðu fulltrúa landshlutasamtaka í viðræðum um framtíðar rekstrarform almenningsamgangna. Ítrekað er að almenningsamgöngur eru verkefni á ábyrgð ríkisins og eiga því að vera fjármagnaðar að fullu af ríkinu. Það að gera landshlutasamtökin og þar með sveitarfélögin í landinu fjárhagslega ábyrg fyrir málaflokknum að hluta er ekki ásættanleg niðurstaða.*

*Stjórn SSV skorar á Vegagerðina að reka áfram þær leiðir á Vesturlandi sem eru í núverandi leiðarkerfi. Þá vill stjórn áréttta mikilvægi þess að heimamenn hafi aðkomu að skipulagi almenningsamgangna vegna staðbundinnar þekkingar á þörf og leiðarvali og er reiðbúin til samstarfs um það verkefni.*

#### **4. Endurskoðun Sóknaráætlunar**

Lögð fram drög að Sóknaráætlun Vesturlands fyrir árin 2020 til 2024. Stjórn lýsti yfir ánægju með drögin og fól framkvæmdastjóra að vinna úr framkomnum ábendingum.

#### **5. 50 ára afmæli SSV**

Lagt fram minnisblað um fyrirhugaðan afmælisfögnuð SSV, en SSV fagnar 50 ára afmæli á árinu. Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að vinna að undirbúningi ráðstefnu- og afmælishalds í samræmi við framkomna tillögu.

#### **6. Samgöngumál á Vesturlandi**

Rætt um samgöngumál. Jafnframt rætt um kynningu á samantekt Ólafs Guðmundssonar um ástand og öryggi vega á Vesturlandi. Stjórn samþykkti að haldnir verði fjórir kynningarfundir á samantekt Ólafs á Vesturlandi í október n.k.

#### **7. Auka landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 6. september 2019**

Lagt fram fundarboð á auka landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga, en fundurinn fer fram 6. september n.k. og munu formaður og framkvæmdastjóri sækja hann f.h. SSV.

#### **8. Ráðstefna um fjórðu iðnbyltinguna**

Landshlutasamtökin í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð munu halda ráðstefnu um fjórðu iðnbyltinguna 5. september n.k. Ráðstefnan verður haldin samtímis á sex stöðum á landinu og leggur hver landshluti til einn frummælenda. Sævar Freyr Þránínsson bæjarstjóri á Akranesi verður með erindi f.h. Vesturlands.

#### **9. Velferðarstefna Vesturlands**

Lögð fram endurskoðuð drög að Velferðarstefnu Vesturlands. Stjórn ræddi drögin og komu fram ábendingar sem framkvæmdastjóra var falið að vinna úr.

#### **10. Áskorun bæjarstjórnar Akraness og sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar til ríkisstjórnar Íslands um stefnubreytingu í málefnum orkukræfs iðnaðar.**

Fulltrúar Hvalfjarðarsveitar og Akraneskaupstaðar kynntu áskorun sem samþykkt var 27. ágúst af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar varðandi orkukræfan iðnað. Stjórn SSV ræddi áður nefnda áskorun og tók heilshugar undir það sem þar segir. Stjórn bókaði eftirfarandi:

*Stjórn SSV tekur heilshugar undir áskorun bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar og sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar til ríkisstjórnar Íslands um stefnubreytingu í málefnum orkukræfs iðnaðar. Í áskoruninni kemur fram að rekstrarumhverfi orkukræfs iðnaðar á Íslandi hefur versnað til muna vegna mikilla verðhækkana á raforku. Þær hækkanir geta haft afar slæm áhrif á starfsemi orkukræfs iðnaðar á Vesturlandi, en hann er ein af undirstöðuatvinnugreinum landshlutans. Því áréttar stjórn SSV mikilvægi þess að íslensk stjórnvöld endurskoði núverandi stefnu í málefnum orkukræfs iðnaðar og setji Landsvirkjun eigendastefnu.*

## 11. Framlögð mál

- a. Yfirlit yfir fundi framkvæmdastjóra í sumar
- b. Formaður greindi frá sumarfundi sveitarstjórnarvettvangs EFTA sem fram fór í Noregi. <https://www.samband.is/verkefnin/althjodamal/sveitarfelog-og-ees/sveitarstjornarvettvangur-efta/19.-fundur-sumarid-2019/>

Fundi slitið kl. 12:20